

12 Gjaldskrá Héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Skagafjarðarsýslu, nr. 78 26. apríl  
23. jan. 1950.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. janúar 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Porv. K. Þorsteinsson.*

13 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Guðmundssonar  
25 jan. og Elísabetar Engilbertsdóttur á Flateyri í Önundarfirði“, útgefin á venjulegan hátt  
ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Guðmundssonar og Elísabetar Engilbertsdóttur  
á Flateyri í Önundarfirði.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sonum nefndra hjóna, Guðjóni E. Jónssyni, Ísafirði, og Guðmundi M. Jónssyni, Flateyri, á aldarfæðingarárstíð Jóns Guðmundssonar, sem er 14. ágúst 1950. Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbanka Íslands.

### 2. gr.

Sjóðurinn vex af vöxtum stofnfjárins og minningargjöfum eða öðrum gjöfum, sem honum kunna að berast.

### 3. gr.

Fé sjóðsins skal jafnan geymt í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðrum veðvaxtabréfum jafntryggum. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxtabréfafúlgju sjóðsins á hverjum tíma, geymast í Sparisjóði Önfirðinga.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun og námsstyrki stúlkum eða piltum úr barnaskóla á Flateyri, eftir ákvörðunum sjóðstjórnar. Til styrkveitinga má verja allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna skal lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 25000 krónur. Úr því má verja  $\frac{1}{10}$  hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en  $\frac{9}{10}$  hluti leggist jafnan við höfuðstólinn.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: skólastjóri barnaskóla Flateyrar, og er hann formaður, oddviti hreppsnefndar Flateyrarhrepps og einhver ættingi greindra hjóna, en ef hann getur ekki tekið sæti í stjórn sjóðsins, þá skipar hreppsnefnd Flateyrarhrepps mann í hans stað.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar birtir í Lögbirtinga-  
blaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum hreppsreikninga Flateyrarhrepps.

13

25. jan.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 14. ágúst 1950.

Guðjón E. Jónsson. Guðmundur M. Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Björgunarverðlaunasjóð Kristjönu 14  
Salómonsdóttur og Kristjáns Marínós Sölvasonar“, útgefin á venjulegan hátt ad 26. jan.  
mandatum af dómsmálaráðherra 26. jan. 1951.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Björgunarverðlaunasjóð Kristjönu Salómonsdóttur og  
Kristjáns Marínós Sölvasonar.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Björgunarverðlaunasjóður Kristjönu Salómonsdóttur og Marínós  
Sölvasonar frá Litla Árskógssandi.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sigurvin Edílónssyni á Litla Árskógssandi, til minn-  
ingar um konu hans, Kristjönu Salómonsdóttur, sem lézt 30. desember 1942, og fóstur-  
son hans, Marínó Sölvason, sem lézt 22. febrúar 1943.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og halda við slysavörnum með því, að hvetja  
menn til hjálpar og björgunar manna úr sjávarháska.

## 4. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 10 000.00. Hann skal jafnan vera undir umsjón og  
varðveizlu Slysavarnafélags Íslands, enda verður sjóðurinn afhentur stjórn Slys-  
varnafélagsins ásamt skipulagsskrá þessari.

## 5. gr.

Stjórn Slysavarnafélags Íslands ber að sjá um að sjóðurinn verði ávaxtaður á  
sem tryggastan hátt, og jafnframt að hann gefi sem bestan arð. Þó skal höfuðstóll  
aldrei lagður í neina áhættu. Stjórn Slysavarnafélagsins annast annar útborganir úr  
sjóðnum, sér um allar fjárreiður hans og gerir reikningsskil fyrir honum. Skal sjóð-  
urinn vera notaður á þann hátt, sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

## 6. gr.

Vextir skulu lagðir óskertir við höfuðstól næstu 3 ár. Eftir þann tíma skal verja  
 $\frac{3}{5}$  vaxtanna til verðlauna fyrir björgunarafrek manna úr sjávarháska. Þó skulu  
verðlaunin eigi veitt fyrr en ári síðar en björgunarafrekið var framkvæmt, til þess